

Orlofsnefnd læknafélaganna festir kaup á nýju húsi

■ Í bæklingi orlofsnefndar læknafélaganna, sem fylgdi marshefti Lækna- blaðsins, gat formaður LÍ Sigurbjörn Sveinsson þess í stuttu spjalli að hugsanlega yrðu einhverjar meiri breytingar á orlofshúsnaði sem félagsmönnum LÍ stendur til boða, heldur ákvarðanir höfðu verið teknar um í vetur. Nú er það þegar komið á daginn.

Orlofsnefnd læknafélaganna hefur fest kaup á nýju húsi í landi Vaðness í Grímsnesinu, en sem kunnugt er tók nefndin á leigu eitt hús nú í vor á sama stað, til heilsársnotkunar.

Húsið sem keypt var stendur við Birkibraut nr. 6. Það var byggt á síðastliðnu hausti þannig að viðarilmur er ferskur og fá spor sem enn hafa verið stigin innandyra. Húsið er að öllu leyti sambærilegt við það sem þegar hafði verið leigt, þannig að allar upplýsingar í bæklingi orlofsnefndar um húsið að Kjarrbraut 2 gilda fyrir nýja húsið að Birkibraut 6.

Húsinu hefur verið úthlutað til orlofsgesta nú í sumar og var það gert á grundvelli þeirra umsókna sem bárust um dvöl í orlofshúsnaði læknafélaganna fyrir sumarið.

Hér er vissulega um ánægjulega viðbót að ræða á þeim möguleikum sem orlofsnefnd læknafélaganna býður félagsmönnum LÍ upp á til hvíldar og afþreyingar og vonandi að sem flestir fái notið.

-bj-

Bústaður Félags leikskólakennara, sem einnig stendur í landi Vaðness, er sömu gerðar og bústaðirnir sem orlofsnefnd hefur keypt og leigt. Eins og sjá má á myndinni er mjög stór verönd við húsið og inni í horninu leynist heitur pottur, sem mörgum þykir nauðsynlegur punktur yfir afslöppunarið.

Ljós.: Gerður Guðmundsdóttir.

spurning nr. 9: „Hefur þú einhvern tíma verið með óþægilegar hugsanir sem koma endurtekið upp í huga þinn þótt þú reynir að bægja þeim frá?“ Spurningarnar eru flestar í svipuðum dúr eða um einhver fyrirbæri, sem nær óhjákvæmilegt er að allir hafi upplifað einhvern tímunn, nema vera biladír á geði eða hafa verið á geðdeyfðarlyfjum frá fæðingu. Í sjálfu bréfinu, sem skreytt er flóknum frösom um verndun persónuupplýsinga og dulkóðun, eru þeir sem lenda í sérstöku kvíðaúrvali beðnir um að leita eftir þátttöku ættingja sem haldnir eru kvíða (hver dæmir það?), svo og að biðja tvo nána ættingja að gefa blóð í rannsóknina og svara stuttum spurningalista. Þess er getið að „vísindarannsókn“ þessi hafi verið samþykkt af tölvunefnd og vísindasiðanefnd. Hvaða kröfur gera þessar nefndir? Alla vega ekki að vísindarannsóknir á mönnum þurfi að hafa skýr markmið. Ef sömu eða aðrir aðilar úr sama sauðahúsi ákveða að hefja samskonar „vísindarannsóknir“, til dæmis á vergirnigenum, ágirndargenum, lofthræðslugenum, listinn er ótæmandi, mun þeim innan fárra ára hafa tekist að ná lífsýnum úr meginþorra Íslendinga til að hækka gengi hlutabréfa í deCode, ef þeim tekst ekki áður að snúa trausti almennings á vísindi í vantraust eins og annars staðar á Vesturlöndum, því enginn mun lifa það að sjá árangur af „vísindarannsóknunum“.

En nú kemur að landlækni. Þegar bæði vísindasiðanefnd og tölvunefnd eru orðnar háðar hinu pólitíska valdi í landinu stendur landlæknisembættið eitt til varnar almennings gagnvart mönnum sem í nafni vísinda leita eftir þátttöku í vafasömum rannsóknum í þágu innlendra og erlendra fjárfesta. Nýi landlæknirinn virðist enn vera svolítið óskrifad blað og ekki hafa áttað sig á því að hann er einn æðsti ef ekki æðsti embættismaður landsins. Hann hefur þó lýst yfir að embættið muni starfa fyrir opnum tjöldum og er ekki ástæða til að rengja það að óreyndu. En eins og málum er nú háttad í landinu væri vel ef hann leiddi hugann að Vilmundi Jónssyni forvera sínum, og stefndi að því að verða *sterstu mistök núverandi heilbrigðisráðherra*.

Heimildir

- Heiður Helgadóttir. Bara 10% kerfinu að þakka. Dagur 4. apríl 2000.
George N. Davatilis. The Asilomar Process: is it valid? The Scientist 2000; April 3rd.
Ódagsett dreifibréf til 10 þúsund Íslendinga frá Högna Óskarsyni, Halldóri Kolbeinssyni og Jóni G. Stefánssyni.

